

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 29. október 2025
2510283 VR / 20.0/

Efni: Umsögn VR um mál nr. 11/2025 - umbætur í náms- og starfsumhverfi leikskóla

Inngangur

VR hefur fengið til umsagnar frá skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar mál nr. 11/2025 um umbætur í náms- og starfsumhverfi leikskóla. Málið snýr að tillögum stýrihóps um leikskólaleiðina í Reykjavíkurborg sem lagðar voru fyrir borgarráð í lok september 2025 og eiga að taka gildi við næstu áramót að loknu samráðsferli. Tillögurnar varða skráningu á dvalartíma barna og nýja gjaldskrá sem hefur það markmið að „innleiða fjárhagslega hvata fyrir foreldra til að nýta bara þær dvalarstundir sem börn þurfa“.

Þegar þessar fyrirhuguðu breytingar eru skoðaðar sést að hinir „fjárhagslegu hvatar“ felast í snörpum hækkunum á leikskólagjöldum fyrir þá foreldra sem nýta 8 eða 8,5 tíma vistun á dag, líkt og á við um flesta foreldra. Í raun er um að ræða fjárhagslega refsingu fyrir foreldra sem þurfa að vistun umfram 38 klukkustundir á viku og á vinnudögum sem eru nú skilgreindir sem sérstakir skráningardagar. Þetta kemur afar illa við launafólk og sérstaklega við launafólk á almennum vinnumarkaði.

Fyrir hverjar 30 mínútur sem barn dvelur umfram 38 klukkustundir á viku á leikskóla verður foreldrum gert að greiða 4.000 krónur. Þá er lagt til að rukkað verði aukalegt gjald fyrir hvern skráningardag en þeir eru almennir vinnudagar í dymbilvikum, vetrarleyfum grunnskóla og á milli jóla og nýárs. Hækkanirnar geta hlaupið á mörg hundruð þúsund krónum á ári eða því sem nemur útborguðum mánaðarlaunum hjá venjulegu launafólki. Þessar tillögur ganga því gegn skuldbindingum sveitarfélaga gagnvart núgildandi kjarasamningum, en við undirritun þeirra sammæltust ríki og sveitarfélög um að leggja ekki auknar álögur á launafólk.

Í [ályktun](#) stjórnar VR frá 8. október voru tillögur Reykjavíkurborgar harðlega gagnrýndar og er sú gagnrýni árréttuð hér í þessari umsögn. Leikskólamál eru kjaramál og aðgengi að leikskólum er grundvöllur þess að foreldrar geti sinnt launavinnu. Með þessum miklu hækkunum er verið að þröngva foreldrum til að stytta vistunartíma barna sinna í stað þess að taka á undirliggjandi fjármögnunar- og skipulagsvanda sveitarfélaganna. Það er ótækt að varpa byrðunum á fullvinnandi foreldra ungra barna sem margir hverjir glíma við gríðarlegan húsnæðiskostnað og tekjuskerðingar í kjölfar fæðingarorlofs og umönnunarþils.

VR leggst alfarið gegn þeim tillögum sem hér eru til samráðs og hvetur borgina og sveitarfélögin öll til að ráðast að rót vandans þegar kemur að umgjörð leikskólamála, frekar en að auka á álag, streitu og fjárhagslegt óöryggi foreldra ungra barna.

Almennir leikskólar eru undirstaða velferðar

Almennir leikskólar, þar sem gjaldtöku er stillt í hóf og börn með ólíkan bakgrunn læra og dvelja saman, eru grunnstoð velferðarsamfélagsins. Þeir ýta undir atvinnuþátttöku, sem er sú hæsta í Evrópu og OECD á Íslandi, og auka möguleika kvenna til að sækja bæði vinnu og nám. Almennir leikskólar draga úr barnafátækt og ýta undir jöfnuð og hafa einnig jákvæð áhrif á hagvöxt. Í löndum þar sem almennir leikskólar eru ekki fyrir hendi og kostnaður við leikskólavist er hár er meiri kynbundinn launamunur, minni atvinnuþátttaka kvenna, meiri barnafátækt, meiri ójöfnuður og meiri félagslegur og þroskatengdur munur milli barna eftir bakgrunni. Meðal þessara landa eru Bretland, Bandaríkin, Írland og Japan og í öllum þeirra eru virkar hreyfingar félagasamtaka sem reyna að knýja á um almenna leikskóla.

Í umræðum um almenna leikskóla sprettur iðulega upp það sjónarmið að sanngjarnast sé að tekjutengja leikskólagjöld þannig að þau sem allra mest þurfi þjónustuna fái hana á viðráðanlegu verði en aðrir greiði meira. Þrátt fyrir að röksemdarfærslan kunni að virka sannfærandi þá er það svo að tekjutengingar draga úr mætti almennra kerfa og geta jafnvel átt þátt í að auka á og viðhalda fátækt. Þetta á jafnt við um leikskóla sem aðrar menntastofnanir og almenn kerfi sem sinna velferð og heilbrigði. Almenn kerfi eru alla jafna betri og um þau ríkir meiri sátt. Tekjutengingar geta aukið á spennu milli þjóðfélagshópa og ýtt undir fordóma. Þær geta dregið úr atvinnuþátttöku og unnið gegn félagslegum hreyfanleika.

Gildi almennra leikskóla er tíundað hér af þeirri ástæðu að tillaga Reykjavíkurborgar felur í sér gríðarlega hækkun á leikskólagjöldum, sem yrðu ein þau hæstu á Íslandi og myndu klifra hratt upp stigann í samanburði OECD-ríkja. Þetta er því kúvending gagnvart barnafólki í Reykjavík, sem hefur alla jafna notið lægstu leikskólagjalda á landinu. Um leið stendur til að innleiða afsláttarkerfi sem eru við nánari athugun form á tekjutengingu og háð sömu annmörkum og slíkar tengingar eru almennt. Í þessu sambandi má vekja athygli á því að tekjutenging barnabóta er mjög mikil á Íslandi, sem er óvanalegt í norrænu samhengi. Að tengja leikskólagjöld líka við tekjur er pólitísk ákvörðun sem færir Ísland fjær hinum Norðurlöndunum.

Notkun verðstýringa til að draga úr ásókn í opinbera þjónustu er mjög gagnrýniverð. Slíkar leiðir eru hvorki félagslega né efnahagslega réttlátar, enda á aðgengi að opinberri þjónustu að byggjast á þörf frekar en greiðslugetu.

Há gjöld leysa ekki undirliggjandi framboðsvandamál á borð við skort á starfsfólki og fjármagni eða slæman aðbúnað. Þær geta hins vegar hæglega orðið til þess að fólk sem þarfnast þjónustunnar getur ekki notað hana, á meðan fólk með meira milli handanna telur sig eiga tilkall til þjónustunnar. Ef það er mat Reykjavíkurborgar að foreldrar „ofnoti“ þjónustu leikskólanna, líkt og bæjaryfirvöld í Kópavogi hafa látið hafa eftir sér, þá þarf að fara aðrar leiðir til að takast á við það. VR telur hins vegar engin merki um slíka ofnotkun. Vísbendingar eru um að vistunartími barna hafi stýst samhlíða styttri vinnutíma og fjöldi barna dvelur skemur en skráðan tíma, sem bendir til þess að þótt foreldrar þurfi að geta haft sveigjanleikann á 8–8,5 klukkustunda vistun þá leitast þeir við að sækja börn sín fyrr. Enn fremur eru verðstýringar á aukastundum að því er næst verður komið ekki þekktar á Norðurlöndunum.

Samantekið þá vinna tillögur Reykjavíkurborgar um tekjutengingar og verðstýringar gegn hinu mikilvæga markmiði um almenna leikskóla þar sem gjaldtöku er stillt í hóf og er í raun skref aftur á bak, frekar en áfram, í þróun fjölskylduvæns samfélags.

Gjaldskrárhækkanir á bilinu 46%–183% fyrir þorra vinnandi foreldra

Í tillögum borgarinnar að nýrri gjaldskrá er lagt til að aukagjald upp á 4.000 krónur verði innheimt fyrir hverjar 30 mínútur sem börn dvelja í leikskóla umfram 38 klukkustundir á viku. Þessi breyting myndi leiða til verulegra hækkana hjá flestum foreldrum, enda er markmiðið að fækka börnum í leikskólanum með verðstýringum. Samkvæmt gögnum frá 2023 dvelur rúmlega helmingur barna í Reykjavíkurborg í leikskóla átta tíma á dag og 36% í 8,5 tíma eða lengur. Eftirfarandi tafla sýnir venjulegt gjald fyrir leikskólavist í Reykjavík miðað við 8 og 8,5 tíma vistun fyrir sambúðarfólk annars vegar og einstæða foreldra hins vegar, fyrir og eftir væntanlegar breytingar. Gjald fyrir skólamáltíðir er inni í öllum tölum. Hér er viðbótargjald vegna skráningardaga ekki tekið með en nánar verður farið yfir áhrif þess að neðan.

Tegund vistunar	Núgildandi	Ný gjaldskrá	Hækkun	Krónutöluhækkun á ári
8 tímar hjón	34452	46774	36%	147864
8,5 tímar hjón	39106	66774	71%	332016
8 tímar einstætt foreldri	22974	46774	104%	285600
8,5 tímar einstætt foreldri	24858	66774	169%	502992

Eins og sjá má samsvara þessar hækkanir allt frá tæplega 150.000 krónum á ári og upp í rúmlega 500.000 krónur á ári. Athygli vekur að það eru einstæðir foreldrar sem þurfa að hafa börnin sín í 8,5 tíma vistun sem koma verst út úr þeim breytingum sem boðaðar eru, en sá hópur er hvað mest berskjaldaður á vinnumarkaði.

Flest launafólk á almennum markaði er með í kringum átta stunda viðveru á vinnustað sínum á dag, auk þess að koma sér á milli staða. Þau sem njóta sveigjanleika þurfa engu að síður að skila af sér sínum vinnutíma. Það er miklum vafa undirorpið að það teljist heilsusamlegt eða æskilegt að foreldrar í þeirri stöðu taki vinnuna með sér heim í stórum stíl og sinni henni meðfram umönnun barna sinna og öðrum skyldum. Þegar um tvö foreldri er að ræða skiptir fólk oft skipt með sér verkum, enda væru að öðrum kosti fleiri börn í lengri dvöl. En það breytir því ekki að fólk í hefðbundinni dagvinnu á almennum markaði mun alltaf eiga í miklum vandræðum með að yfirgefa vinnustaðinn fyrir kl. 14 á föstudögum, eins og Reykjavíkurborg ætlast til.

Hækkanirnar verða ýktari þegar skráningardögum er bætt við myndina. Í tillögum Reykjavíkurborgar er lagt upp með að innheimta aukalegt gjald fyrir hvern dag sem börn eru í leikskóla í dymbilviku, vetrarleyfum grunnskóla og á milli jóla og nýárs. Gjaldið er 4.000 krónur fyrir hvern dag og eru skráningardagar að jafnaði 10–11 dagar á ári. Þessir dagar eru allir almennir vinnudagar og launafólk á almennt ekki frí þessa daga. Þar að auki er vert að benda á að margir foreldrar eru í þeirri stöðu að eiga ekkert orlof inni þegar börn komast í leikskóla, hafandi þurft að nota þá daga sem þeir eiga inni til að brúa bilið á milli fæðingarorlofs og leikskólavistar. Ólíkt foreldrum á opinberum vinnumarkaði þá ávinna foreldrar á almennum vinnumarkaði ávinna sér ekki orlof í fæðingarorlofi og eiga að jafnaði minni orlofsrétt. Að skráningardögum undanskildum eru leikskólarnir lokaðir í 26 daga á ári, en orlof félagsfólks í VR er á bilinu 25–30 dagar. Einstæðir foreldrar myndu aldrei geta haft börn sín heima á öllum skráningardögum og tveir fullvinnandi foreldrar eru langfæstir í þeirri stöðu að geta gert það, nema gert sé ráð fyrir að fjölskyldur verji engum leyfum saman.

Foreldrar sem nýta alla skráningardaga munu að jafnaði greiða 3.500 krónur aukalega á mánuði (hér er gert ráð fyrir 10,5 skráningardögum að meðaltali) eða 42.000 krónur á ári. Með öðrum orðum fara skráningardagar langleiðina með það að bæta við heilum mánuði af leikskólagjöldum á ári fyrir flesta fullvinnandi foreldra. Þá er óljóst í tillögum borgarinnar hvort að 100% systkinaafsláttur af námsgjaldi nái einnig til skráningardaga. VR kallar eftir því að það sé gert skýrt. Ná afslátturinn ekki til skráningardaga gætu foreldrar með tvö börn þurft að borga allt að 84.000 krónur á ári vegna þeirra og foreldrar með þrjú börn allt að 126.000 krónur. Eftirfarandi tafla sýnir áhrif skráningardaga fyrir foreldra með eitt barn:

Tegund vistunar	Núgildandi	Ný gjaldskrá m/skráningard.	Hækkun	Krónutöluhækkun á ári
8 tímar hjón	34452	50274	46%	189864
8,5 tímar hjón	39106	70274	80%	374016
8 tímar einstætt foreldri	22974	50274	119%	327600
8,5 tímar einstætt foreldri	24858	70274	183%	544992

Eins og sjá má í töflunni spanna þessar hækkanir allt frá tæplega 200.000 krónum á ári til tæplega 550.000 króna á ári. Þetta samsvarar hækkunum á leikskólagjöldum frá 46% til 183%. Við efri enda þessa bils er þannig ljóst að tillögur borgarinnar geta leitt til þess að ný gjaldskrá fyrir leikskóla gleypi því sem nemur um einum

útborguðum mánaðarlaunum venjulegs launafólks. Að mati VR eru þessar hækkanir óhóflegar og munu bersýnilega setja strik í heimilisbókhald flestra foreldra.

Reykjavíkurlleiðin brýtur gegn kjarasamningum

Við undirritun kjarasamninga árið 2024 skuldbundu sveitarfélög sig til að hækka gjaldskrár ekki umfram 3,5% árið 2024, 2,5% árið 2025 og að stilla gjaldskrárhækkunum á samningstímanum í hóf. Boðaðar gjaldskrárhækkanir Reykjavíkurborgar upp á 46–183% ganga þvert gegn kjarasamningum og draga stórlega úr þeim hóflegu kjarabótum sem um var samið. Hækkun fyrir átta stunda vistun étur upp meira en kjarasamningsbundna launahækkun eins foreldris á þessu ári og hækkun fyrir 8,5 stunda vistun kostar meira en launahækkanir tveggja foreldra. Líkt og að framan greinir nema hæstu hækkaniðarnar einum útborguðum mánaðarlaunum. Foreldrar ungra barna eru líka sami hópurninn og hefur að stofninum til sætt viðvarandi óhóflegum húsnæðiskostnaði og þurfa, eins og aðrir, að taka á sig miklar verðhækkanir á verðbólgutímum. VR getur ekki fellt sig við að hið opinbera standi ekki við sinn hlut í hóflegum kjarasamningum og seilist þess í stað djúpt ofan í vasa þess hóps launafólks sem mest þarfnast kjarabótanna.

Sú leið sem Reykjavíkurborg fer hér er í anda stefnu Kópavogsbæjar frá árinu 2023 sem hefur það að markmiði að fækka þeim stundum og dögum sem börn dvelja í leikskóla. VR telur að betri reynsla verði að komast á það fyrirkomulag áður en höfuðborgin tekur upp sambærilega nálgun, enda verður tæplega aftur snúið. Ný rannsókn Vörðu – rannsóknastofunnar vinnumarkaðarins á áhrifum Kópavogsmóðelsins sýnir fram á óánægju vinnandi foreldra, aukna togstreitu milli atvinnu og umönnunar og aukið álag á konur. Þessar niðurstöður verður að taka alvarlega, því það getur aldrei verið réttlæt看legt að auka starfsánægju innan opinnberrar starfsemi á kostnað þjónustuþega.

Afslættir ná sjaldnast til fullvinnandi foreldra

Tölurnar hér að framan miða við venjulegt gjald fyrir vistun á leikskóla í Reykjavík í 8 eða 8,5 tíma á dag en það er sá tími sem langflestir foreldrar í Reykjavík nýta sér miðað við gögn Sambands Íslenskra sveitarfélaga. Því munu þær hækkanir sem boðaðar eru ná til meirihluta foreldra sem eru með börn á leikskóla í borginni. Einhver gæti staldrað við og spurt hvort að afsláttarkerfi sem hafa lengi þekkt í gjaldskrár leikskóla muni þó ekki milda högg þessara yfirtengilegu hækkana. Afsláttarkerfið er gagnrýnivert út frá framangreindum sjónarmiðum um almenna leikskóla, en þar að auki eru afslættirnir ómarkvissir og ná almennt ekki til fullvinnandi foreldra. Í tillögum borgarinnar kemur eftirfarandi fram:

- **Enginn tekjuafsláttur** er fyrir hjón í sambúð sem eru með samanlagðar tekjur yfir 12 m.kr. á ári.
 - *Samsvarar því að hjónin séu að hámarki með 500 þ.kr. á mánuði fyrir skatt, hvort um sig.*
- **Enginn tekjuafsláttur** er fyrir einstæða foreldra með yfir 9,5 m.kr. á ári.
 - *Samsvarar því að einstætt foreldri sé með 792 þ.kr. á mánuð fyrir skatt.*

Miðgildi heildarlauna VR félaga eru 850 þúsund krónur á mánuði, samkvæmt launarannsókn VR frá febrúar 2025. Þrír af hverjum fjórum VR félögum með yfir 700 þúsund krónur í heildarlaun samkvæmt sömu rannsókn. Það er því ljóst að fáir VR félagar munu geta nýtt sér tekjutengda afslætti þegar samanlögð launa hjóna/sambúðarfólks mega að hámarki vera ein milljón á mánuði og þegar viðmið fyrir einstæða foreldra eru undir miðgildi.

Það er ljóst að meirihluti foreldra í Reykjavík mun þurfa að sæta þeim óhóflegu hækkunum sem reifaðar eru hér að ofan, nái tillögurnar fram að ganga. Enda eru verðstýringar eitt af markmiðum breytinganna og ljóst að þær verða að ná til fjöldans eigi þær að bera árangur. Ekki liggja fyrir nein gögn sem sýna fram á hversu margir foreldrar þyrftu að stytta vist barna sinna til að Reykjavíkurlleiðin nái markmiðum sínum eða hvað gerist ef fjöldi foreldra er í þeirri stöðu að geta ekki annað en að taka á sig fjárhagslegt högg, frekar en að flækja til muna skipulag dags daglega lífsins, sem hjá flestum barnafjölskyldum er nógu flókið fyrir.

Viðvarandi áhrif á tekjumöguleika kvenna

Leikskólar gegna gríðarlegu mikilvægu hlutverki í íslensku samfélagi. Fyrst og fremst er leikskólinn menntastofnun sem hefur það að markmiði samkvæmt lögum og aðalnámskrá að veita börnum umönnun, örugg náms- og leikskilyrði og hvetjandi uppeldisumhverfi, ásamt því að efla þroska þeirra, hæfileika og „leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun“. Leikskólar gegna líka þjónustuhlutverki og þróuðust enda upp frá dagvistarheimilum þar sem áhersla var á tækifæri foreldra, einkum mæðra, til að sækja launavinnu. Þróun og tilurð leikskólakerfisins á síðustu öld var þannig undirstaða þess að konur gátu í auknum mæli sótt vinnu og nám til jafns við karla. Þeir hafa því gegnt mikilvægu hlutverki í þeim árangri sem náðst hefur á Íslandi í jafnréttismálum, en hér er atvinnuþátttaka kvenna jafnframt sú hæsta í löndum Evrópu og OECD.

Atvinnuþátttaka kvenna skiptir líka miklu máli í samhengi við launajafnrétti. Þannig hafa rannsóknir Claudiu Goldin, sem hlaut nóbelsverðlaun í hagfræði árið 2023, rennt stöðum undir þá kenningu að launamun kynjanna á Vesturlöndum megi að miklu leyti rekja til aukinnar umönnunarbyrði kvenna í tengslum við barneignir sem veldur því að konur eru líklegri til þess að taka sér hlé frá vinnu eða lækka starfshlutfall sitt á því tímabili. [Niðurstöður](#) Goldin benda til þess að barneignir hafi meiri áhrif á launamun en aðrir þættir eins og menntun eða val á starfsgrein og að konur sem snúa síðar aftur á vinnumarkaðinn eigi erfitt með að vinna upp launatap sem verður á fyrstu árunum eftir barnsburð, þegar umönnunarbyrðin er þyngst. Þessar niðurstöður hafa jafnframt verið staðfestar á Norðurlöndunum, til dæmis í [rannsókn](#) frá hagfræðingum við Kaupmannahafnarháskóla frá árinu 2018 sem sýndu fram á að laun danskra mæðra lækkuðu í kjölfar barneigna og að þau áhrif skýrðu 80% af launamun kynjanna í Danmörku.

Í þessu ljósi geldur VR varhug við þeim breytingum sem Reykjavíkurborg hefur boðað. Þær fjölskyldur sem ekki ráða við óhóflegar hækkanir á gjaldskrár leikskóla munu neyðast til þess að aðlaga vinnutíma sinn að styttri vistun, sem er einmitt sú breyting sem borgin er að reyna að þröngva í gegn. Þá vaknar sú spurning hvaða hópur það er sem mun stytta sinn vinnutíma með tilheyrandi launatapi. Flest bendir til þess að það verði frekar mæður og því má álykta út frá rannsóknum Goldin og

annarra hagfræðinga að tillögur borgarinnar séu til þess fallnar að grafa undan launajafnrétti á íslenskum vinnumarkaði.

Tillögur að lausnum

Við vinnslu þessarar umsóknar átti undirrituð samtál við bæði kjörna fulltrúa og fleiri sem hafa talað fyrir tillögum Reykjavíkurborgar. Í þeim samtölum kom iðulega fram að setti VR sig upp á móti fyrirbyggjandi tillögum væri gott ef félagið gæti komið með aðrar og betri hugmyndir. VR vill gjarnan eiga í lausnamiðuðu samtali og lýsir sig reiðubúið til áframhaldandi samtals. Aðkoma félagsins er þó fyrst og fremst sem stéttarfélag vinnandi foreldra, en VR er stærsta stéttarfélag landsins og með mjög margt ungt fólk innan sinna raða.

VR óskaði eftir nánari gögnum frá stýrihópi Reykjavíkurborgar í því skyni að geta lagt fram tillögur að lausnum og telur enda mikilvægt að þau gögn sem liggja að baki svo mikilvægri ákvarðanatöku séu aðgengileg hagaðilum. Félagið fékk skjót svör, en þó ekki þau gögn sem þarf til að hægt sé að setja fram fullmótaðar hugmyndir til úrbóta sem gagnast bæði starfsfólki leikskóla og fullvinnandi foreldrum. Tillögurnar sem hér eru reifaðar eru því settar fram með fyrirvara hvað þetta varðar.

VR telur mikilvægt að fyrir liggi niðurbrot á upplýsingum um mönnunarfanda á leikskólum borgarinnar og greining á áhrifum aðgerða undangenginna ára, til dæmis styttingar vinnuvikunnar, fækkunar barna á starfsmann, aukins undirbúningstíma starfsfólks, eins leyfisbréfs, hækkunar launa og umbóta á húsnæði og rými fyrir börn og starfsfólk. VR gerir einnig athugasemd við að ekki hafi verið framkvæmt jafnréttismat á tillögunum áður en þær voru settar út til samráðs.

Miðað við þau gögn sem birtast í samráðsgátt eru a.m.k. 25% leikskóla í Reykjavík sem þurftu ekki að grípa til faliðunaraðgerða árið 2024 og samkvæmt upplýsingum frá stýrihópnum er mönnun talsvert betri nú en var fyrir ári síðan. Því má ætla að leikskólum sem ekki þurfa að grípa til faliðunaraðgerða hafi fjölgað. Ekki kemur fram hversu oft eða hversu umfangsmiklar faliðunaraðgerðir leikskóla hafa verið. Hugsanlega kann að vera um einstök tilfelli að ræða, til dæmis á flensutíma, og það er mikilvægt að slík gögn liggi fyrir við ákvarðanatöku. Hreyfanleg teymi fagfólks gætu dregið úr þörf á faliðunaraðgerðum og það er áriðandi að stjórnendur og starfsfólk leikskóla séu ekki látnin takast ein á við vanda sem fylgir myglu og viðhaldsskuld borgarinnar. Ef stjórnendur hafa viðunandi færni og stuðning skilar það sér inn í starfsemina. Mögulega er hægt að endurskoða skipulag leikskóladagsins og laga mönnun að vinnutíma starfsfólks. Ef það er ómögulegt, er ekkert annað í stöðunni en að fjölga starfsfólki og grípa um leið til markvissra aðgerða til að vinna bug á viðvarandi skorti á leikskólakennurum og öðru starfsfólki leikskóla.

Einnig má velta því upp hvort skoða þurfi nánar áhrif kjarasamninga og lagaumgjarðarinnar á starfsemi leikskóla, til dæmis að velta því upp hvort það gæti dregið úr mönnunarfanda að fjölga fagstéttum innan leikskóla og/eða útbúa fag tengt nám fyrir ófaglært fólk sem gæti þá verið ráðið lengur en til eins árs í senn, en slíkar ráðningar minnka líkur á helgun. Ef eitt leyfisbréf og lenging leikskólakennaranámsins hefur haft áhrif á mönnun leikskólakennara er full ástæða til að krefja stjórnvöld um stuðning við sveitarfélögin eða aðrar aðgerðir á móti.

VR telur að tækifæri kynni að felast í því að skoða ofan í kjölinn hvers vegna mönnun sumra leikskóla í Reykjavík gengur betur en annarra og nota lærdómana til að styðja við þá leikskóla sem eiga í mestum erfiðleikum. Sé litið til reynslu af almennum vinnumarkaði er ljóst að laun og vinnan sjálf eru ekki eini þátturinn sem fólk horfir til þegar það velur sér vinnustað. Aðbúnaður og hæfir stjórnendur hafa mikil áhrif, en líka félagslegir þættir og upplifun af því að vinnan sé metin að verðleikum.

VR hefur fullan skilning á þeim áskorunum sem leikskólar í Reykjavík og á landinu öllu standa frammi fyrir. Það er nauðsynlegt að kerfið njóti fullnægjandi fjármögnunar og að starfsfólk leikskóla vinni við sem allra bestar aðstæður. Þetta eru flókin viðfangsefni sem krefjast yfirgripsmikilla og markvissra aðgerða. Breytingar á leikskólakerfinu geta hins vegar haft víðtæk samfélagsleg áhrif og því verða þær að vera vel ígrundaðar og undirbyggðar bestu mögulegu gögnum og þekkingu. VR áréttar að börn og foreldrar ungra barna eiga það besta skilið og samfélag sem ekki býr vel að fólki á þeim viðkvæma tíma lífsins er brotið samfélag. Það er ódýr lausn að ætla að leysa þetta flókna viðfangsefni með því að varpa ábyrgð yfirvalda yfir á foreldra með óhóflegum hækkunum á leikskólagjöldum.

VR hafnar því alfarið tillögum stýrihóps Reykjavíkurborgar sem lagðar eru fram í tengslum við mál nr. 11/2025 um „Umbætur í náms- og starfsumhverfi leikskóla“. Félagið er eftir sem áður reiðubúið til samstarfs um viðunandi lausnir í leikskólamálum og óskar eftir að fá að koma til fundar við stýrihópinn til nánara samtals.

Halla Gunnarsdóttir

Halla Gunnarsdóttir
Formaður VR